

FYLGISKJAL NR. 1037

DAGS 19.05.2005

SAMANTEKT:

716. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar (Haraldur Sverrisson, formaður, Hafsteinn Pálsson, þróstur Karlsson og Hanna Bjartmarz, áheyrnarfulltrúi – Stefán Ómar Jónsson, bæjarritari, ritar fundargerð)

2. mál á dagkrá varðaði erindi Regula lögmannsstofu varðandi Hamrafell í Mosfellsdal.

Sagt að Haraldur Sverrisson hafi vikið af fundi undir þessum dagskrárlið.

Samþykkt með tveimur atkvæðum að vísa erindinu til bæjarstjóra og bæjarverkfræðings til skoðunar.

Erindi frá Regula lögmannsstofu (sem fylgir með í þessu fylgiskjali) er dags. 10.05.2005 og það ritar Berglind Svavarsdóttir hdl. Erindið varðaði það að óska eftir byggingarleyfi og viðræðum við Mosfellsbæ.

Þar gekk Berglin erinda barna Ólafs Helgasonar sem fengið hefðu útgefið afsal 19.07.1954. Varðaði það afsal heimildarbréf er byggði á byggingabréfi dags. 24.04.1947 þar sem 30 hektara lóð var seld leigutaka á erfðaleigu. Þess getið að með bréfi 18.12.1980 hafi leigusamningi þessum verið sagt upp af hálfu hreppsnefndar Mosfellsahrepps vegna breyttra aðstæðna og skipulags á svæðinu.

Þess getið að 18.03.1983 hafi verið gerður annar leigusamningur sem koma ætti í stað byggingabréfsins og varðaði annar samningurinn leigu á 33.771 fermetrum til 75 ára. Hinn samningurinn kvað á um leigu á tilteknum landssvæðum, samtals 30 hektarar. Samhliða voru gerðar 3 yfirlýsingar um tjónabætur vegna réttindaskerðingar er Ólafur Helgason hafi orðið fyrir auk endurbyggingarheimild gamla hússins án greiðslu gatnagerðar-, bygginga- og tengigjalda.

Þann 30.12.1993 var leigusamningi um 30 hektara lóðina sagt upp af hálfu Mosfellsbæjar og var ástæðan sögð vera áhugi bæjarins á að vinna grasþökur til að nýta við frágang á svæðum víðsvegar í Mosfellbæ. Með samkomulagi 13.05.1994 var uppsögnin dregin til baka. Með yfirlýsingu 27.12.1996 varð samkomulag um uppsögn þess leigusamnings frá og með 01.05.1997 að telja.

Síðan leysti Mosfellsbær til sín 6.465,5 fermetra landsvæði vegna hins samningsins um leigu á 33.771 fermetra lóð og var samkomulag þar að lútandi gert 20.12.1993. Áður höfðu lóðarhafar selt 11.355,5 fermetra spildu úr landinu þannig að eftir standa 15.950 fermetrar sem lóðarhafar hafa ráðstöfunarrétt yfir.

Þann 23.08.2002 var formlega sótt um leyfi til endurbyggingar hússins að Hamrafelli á grundvelli yfirlýsingarinnar frá 1983. Óskað er eftir að heimilt verði að hefja endurbyggingu gamla hússins og að viðræður um 5 aðrar lóðir yrðu hafnar.

Bæjarráð, fundur nr. 716
Dags. 19. Maí 2005

83

**716. fundur
bæjarráðs Mosfellsbæjar
haldinn í fundarherbergi á 4. hæð í Þverholti 2
fimmtudaginn 19. maí 2005 og hófst hann kl. 07:30**

Fundinn sátu: Haraldur Sverrisson formaður, Hafsteinn Pálsson, Þröstur Karlsson og Hanna Bjartmars áheyrnarfulltrúi.

Samþykkt að taka á dagskrá erindi nr. 200505160 sem 3. dagskrármál og 200505161 sem 8. dagskrármál.

Fundargerð ritaði: Stefán Ómar Jónsson, bæjarritari.

Dagskrá:

1. 200505151 – Minnisblað bæjarverkfræðings varðandi fráveitulausnir í Mosfellsdal.

Samþykkt með þremur atkvæðum að ráðast í verkefnið í samræmi við tillögur bæjarverkfræðings, enda rúmist verkefnið innan fjárhagsáætlunar sviðsins fyrir yfirstandandi ár.

2. 200505154 – Erindi Regula lögmannsstofu varðandi Hamrafell í Mosfellsdal.

Haraldur Sverrisson formaður vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Samþykkt með tveimur atkvæðum að vísa erindinu til bæjarstjóra og bæjarverkfræðings til skoðunar.

3. 200505160 - Erindi Tré-búkkja ehf. varðandi hönnun og gatnaframkvæmdir fyrir Láguhlíð.

Haraldur Sverrisson formaður vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Samþykkt með tveimur atkvæðum að vísa erindinu til bæjarstjóra og bæjarverkfræðings til skoðunar.

4. 200505114 – Erindi frá Arkþing ehf. um endurvinnslustöðvar.

Samþykkt með þremur atkvæðum að fela bæjarstjóra að ræða við Arkþing ehf. um efni erindisins.

5. 200505137 – Bréf Félagsmálaráðun., áætlun um úthlutun úr Jöfnunarsjóði árið 2005.

Bréfið lagt fram.

6. 200505086 – Erindi frá Sjóvá Almennum hf. vegna tilboðs í váttryggingar.

Samþykkt með þremur atkvæðum að fela bæjarstjóra að skoða fyrirkomulag váttryggingarmála með framtíðarhagsmuni sveitarfélagsins í huga.

7. 200505083 – Bréf Félagsmálaráðun., vegna framlags til nýbúafræðslu.

Bréfið lagt fram.

8. 200505161 – Minnisblað bæjarstjóra varðandi nýtt ræktunarsvæði fyrir Skógræktarfélag Mosfellsbæjar.

Samþykkt með þremur atkvæðum að unnið verði að því á afmælisári Skógræktarfélags Mosfellsbæjar að finna félaginu nýtt ræktunarsvæði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:00

17 MAÍ 2005



REGULA
LÖGMANNSSTOFA

Málsnr.: 260505154
Skjalasafn Mosfellsbæjar - Kjarna

17. MAÍ 2005

Bréfalykill: 401

Logi Guðbrandsson hrl.
Sigríður Kristinsdóttir hdl.
Berglind Svavarsdóttir hdl.
Hilmar Gunnlaugsson hdl.
Friðbjörn Garðarsson hdl.
Jón Jónsson hdl.
Eva Dís Pálmadóttir hdl.

Mosfellsbær
b.t. Ragnheiðar Ríkharrósdóttur bæjarstjóra
Þverholti 1
Mosfellsbæ

Húsavík 10. maí 2005

Varðar Hamrafell, Mosfellsbæ. Ósk um byggingarleyfi og viðræður.

Til mín hafa leitað þinglýstir eigendur Hamrafells í Mosfellsbæ; Sigríður Birna Ólafsdóttir og Guðný M. Ólafsdóttir.

Faðir umbj. minna, Ólafur Helgason, fékk útgefið afsal þann 19. júlí 1954 um Hamrafell. Það heimildarbréf byggði á byggingarbréfi dags. 24. apríl 1947 þar sem 30 ha lóð var seld leigutaka á erfðaleigu. Þrátt fyrir ótvírað orðalag byggingabréfsins frá 1947 um erfðaleigu þá hafa lóðarréttindin verði margsinnis skert af hálfu leigusala. Fyrst með bréfi frá 18.12.1980 en þá var leigusamningnum sagt upp af hálfu hreppsnefndar Mosfellshrepps vegna breyttra aðstæðna og skipulags á svæðinu. Þann 14. mars 1983 voru síðan gerðir tveir leigusamningar á milli sömu aðila sem áttu að koma í stað byggingabréfsins frá 1947. Annar samningurinn kvað á um leigu 33.771 ferm. lóðar til 75 ára. Hinn samningurinn kvað á um leigu á tilteknum landssvæðum, samtals 30 ha. Samhliða framangreindum leigusamningum voru gerðar tvær yfirlýsingar. Í annarri yfirlýsingunni er byggingarbréfið frá 1947 fellt úr gildi en í hinni er kveðið á um tjónabætur til handa Ólafi vegna þeirrar réttindaskerðingar er hann varð fyrir, m.a. með endurbyggingarheimild gamla hússins án greiðslu gatnagerða- bygginga- og tengigjalda.

Leigusamningnum um 30 ha lóðina var sagt upp af hálfu Mosfellsbæjar þann 30. desember 1993 og var ástæða uppsagnarinnar sögð vera áhugi Mosfellsbæjar á að vinna grasþökur til að nýta við frágang á svæðum víðsvegar í bæjarfélaginu. Með samkomulagi dagsettu 13. maí 1994 var uppsögnin dregin til baka. Með yfirlýsingu dags. 27. desember 1996 varð samkomulag um uppsögn þess leigusamnings frá og með 1. maí 1997 að telja.


Mosfellsbær leysti til sín 6.465,5 ferm. landssvæði vegna hins samningsins um leigu á 33.771 ferm. lóð og var samkomulag þar að lútandi gert 20. desember 1993. Áður höfðu lóðarhafa selt 11.355,5 ferm. spildu úr landinu þannig að eftir standa 15.950 ferm. sem lóðarhafar hafa ráðstöfunarrétt yfir.

Í bréfi dagsettu 23. ágúst 2002 var formlega sótt um leyfi til endurbyggingar hússins að Hamrafelli á grundvelli yfirlýsingarinnar frá 1983. Í svarbréfi frá Mosfellsbæ var umræddur byggingarréttur framlengdur þar til væntanleg skipulagsmál yrðu til lykta leidd. Nú hafa 6 lóðir verið skipulagðar á þessu svæði. Með hliðsjón af framangreindu er þess því óskað að á grundvelli framangreindrar yfirlýsingar verði

gefið út byggingarleyfi til endurbyggingar gamla hússins að Hamrafelli með þeim kjörum er þar greinir.

Þá er þess jafnframt óskað að Mosfellsbær gangi til viðræðna við umbj. mína um ráðstöfun þeirra á hinum 5 lóðum sem hafa verið skipulagðar í landi Hamrafells.

Virðingarfyllst,



Berglind Svavarsdóttir hdl.

18 MAÍ 2005

Málsnr.: 200505160
Skjalasafn Mosfellsbæjar · Kjarna

18. MAÍ 2005

Bréfalykill: 20.2.1

Tré-búkki ehf
Kt. 500204-2730
Suðurhúsum 2
112 Reykjavík

dags.15.05.2005


Mosfellbær
Fr. Bæjarstjóri Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Varðar: Varðar hönnun og gatnaframkvæmdir fyrir Láguhlíð.

Undirritaður óskar eftir í framhaldi af fundi með yður d. 02.05.2005 að fá leyfi bæjaryfirvalda til að taka að sér hönnun og gatnaframkvæmd fyrir 12 einbýlishúsalóðir sbr. nýsamþykkt deiliskipulag á svæðinu, og fá þar með felld niður gatnagerðargjöld.

Ennfremur er óskað eftir leyfi til að fjarlægja útihús við núv. íbúðarhús.

Virðingarfyllst
F.h. Trébúkka ehf.


Helgi Rúnar Rafnsson